

## REGLUGERÐ

### um fráveitugjald í Kópavogsbæ.

#### 1. gr.

Reglugerð þessi gildir um fráveitugjald í lögsagnarumdæmi Kópavogs.

#### 2. gr.

Hverjum þeim sem á hús eða húshluta í Kópavogi, eða á eða leigir lóð í bænum við götu eða opið svæði, þar sem götuholræsi liggja, eða leiðir fráveituvatn í fráveitukerfi bæjarins, ber að greiða árlegt fráveitugjald til bæjarsjóðs Kópavogs, sbr. 12. gr. reglugerðar um fráveitu í Kópavogsbæ.

Fráveitugjaldið skal vera 0,13% af fasteignamati, sbr. lög um skráningu og mat fasteigna nr. 94/1976 með síðari breytingum. Sé ekkert mannvirki á lóð greiðist ekki fráveitugjald. Ekki skal reikna fráveitugjald af húsi það ár sem bygging þess hefst.

#### 3. gr.

Fráveitugjald greiðist af hús- og íbúðareiganda, lóðareiganda ef um eignarlóð er að ræða, en af leigutaka ef um leigulóð er að ræða og bera þessir aðilar ábyrgð á greiðslu gjaldsins. Fráveitugjaldið er aðfararhæft og má gera aðför í hinni skattskyldu eign án tillits til eigendaskipta. Fráveitugjaldið nýtur lögveðsréttar í lóð og mannvirkjum næstu tvö ár eftir gjalddaga með forgangsrétti fyrir hvers konar sammingsveði og aðfararveði.

#### 4. gr.

Gjalddagar fráveitugjalds eru hinir sömu og gjalddagar fasteignaskatts og greiðist fráveitugjaldið með fasteignaskatti.

Reglugerð þessi, sem sett er af bæjarstjórn Kópavogsbæjar skv. X. kafla vatnalaga, nr. 15/1923, staðfestist hér með til að öðlast gildi við birtingu. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð um holræsagjöld í Kópavogi nr. 347/1974, með síðari breytingum.

*Félagsmálaráðuneytinu, 20. september 2001.*

F. h. r.

**Berglind Ásgeirsdóttir.**

*Guðjón Bragason.*